

REGLUGERÐ

177

28. nóv.

um eyðingu refa og minka.

1. gr.

Sveitar- og bæjarstjórum er skylt að sjá um refa- og minkaleitir vor hvert í heimahögum og afréttum og á öðrum líklegum svæðum, þar sem refir og minkar kynnu að leynast.

2. gr.

Stjórnir sveita og bæja, eða aðrir tilkjörnir aðilar, sem sjá um framkvæmdir á eyðingu refa og minka, skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita grenja og minkabæla og vinna þau.

Veiðimönnum skal gert ljóst, hvaða starf það er, sem þeim er ætlað að vinna, og skulu þeir reiðubúnir til starfs á hvaða tíma sem er, ef greni eða minkabæli finnst og þegar bitdýra verður vart.

Hinir ráðnu veiðimenn ákveða í samráði við oddvita eða annan aðila, sem sér um eyðingu refa og minka, hvenær grenja- og minkaleit skuli hafin hverju sinni.

3. gr.

Frá miðjum maí og þar til hinni skipulögðu refa- og minkaleit er lokið, er öðrum en hinum ráðnu veiðimönnum bannað að vinna greni eða raska þeim, nema í samráði við skyttu svæðisins. Gildir þetta ákvæði jafnt um landeigendur sem aðra, þar til refa- og minkaleit hefur farið fram, en þó eigi lengur en til loka júlímánaðar.

4. gr.

Grenjaskyttur og minkaveiðimenn skulu kynna sér allar helztu veiðiaðferðir, gamlar og nýjar, og eiga sem beztan veiðiútbúnað.

Eigi skal leggja dýraboga þar, sem hætta er á, að t. d. hundar eða sauðfé lendi í þeim. Vitja skal boganna a. m. k. einu sinni á sólarhring, nema þeir séu lagðir fyrir mink við vötn eða ár, þar sem aðdýpi er mikið. Séu bogar lagðir fyrir yrðlinga í grenjum, skal ekki yfirgefa grenið, nema stuttan tíma í senn.

5. gr.

Skylt er að ganga vel um greni, skilja þar ekkert rusl eftir eða annað, sem gæti orðið til að fæla dýrin frá. Ómerkt greni skulu merkt með því að hlaða smávörðu á áberandi stað í námunda við grenið og skulu skotmenn halda þeim við.

6. gr.

Stjórnir sveita- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni og fylgi stutt staðháttalýsing umhverfisins.

7. gr.

Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi ár hvert.

Eitra skal aðeins á afréttum eða þeim svæðum, sem engar líkur eru til, að hundar eða önnur húsdýr fari um, meðan hið eittraða æti liggur.

Eitrunartími hefst strax eftir að síðustu haustgöngum lýkur og eigi síðar en fyrir janúarlok.

8. gr.

Í eftirtöldum sýslum er bannað að eittra fyrir refi (utan yrðlinga í grenjum) í annað agn en egg:

- 177 Snæfellsness- og Hnappadalssýslu,
28. n.óv. Dalasýslu,
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslum,
Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslum,
Strandasýslu.

9. gr.

Við refaeitrun skal nota strychnineitur, merkja og skrifa niður hvern eiturstað. Ekki er leyfilegt að eitra í eða við gömul greni utan grenjatíma, og hvergi skal eitra nærri haglendi, ám eða vötnum.

Hið eitraða agn skal falið í gjótum eða skútum, þar sem fönn leggst síður að því. Ef unnt er, skal koma að eiturstöðum í 1—3 skipti, meðan eitrið liggur, og fjarlægja dauða refi og fugla, sem kunna að finnast.

10. gr.

Eitrunarmenn skulu urða örugglega niður allar eiturleifar og hræ, sem finnast á og umhverfis eiturstað fyrir apríllök ár hvert.

Þegar eitrað er fyrir yrðlinga í grenjum, er skylt að koma að greninu innan 7 daga og athuga um árangur og fjarlægja allar eiturleifar.

11. gr.

Velja skal trausta og aðgætna menn til eitrunarstarfa, enda skulu þeir hafa kynnt sér þær aðgerðir, sem frekast má verða.

12. gr.

Þeir aðilar, sem sjá um leitir og vinnslu grenja og minkabæla, skulu semja um kaup og kjör veiðimanna, þegar ráðning þeirra fer fram. Skylt er að slysa-tryggja refa- og minkaveiðimenn þann tíma, sem þeir eru fastráðnir til veiðistarfa.

13. gr.

Verðlaun eða kaup fyrir refa- og minkaveiðar skal ekki greitt nema til sönnunar sé lagt fram skott af hverju unnu dýri (nýfædda minkahvolpa skal veiðimaður afhenda í heilu lagi). Gildir þetta sönnunarákvæði jafnt um minkaveiðimenn og ráðnar grenjaskyttur, hvaða kaup sem þeir annars taka fyrir starf sitt. Skott, sem lögð eru fram, skulu vera í fullri lengd og rófuliðir fylgja.

Vilji veiðimaður hagnýta sér skinn af unnu dýri, er honum skylt að sanna veiði sína með því að leggja skinnið fram hjá lögætum aðila, eigi síðar en 10 dögum eftir veiðidag. Skal þá skinnið merkt með merkibleki á innanvert skottið og stinga með oddhvassri nál á nokkrum stöðum í blekmerkið.

Veiðimenn skulu gefa eiginhandarkvittun fyrir greidd verðlaun. Skulu kvittanir þessar, staðfestar með undirskrift þess, sem verðlaunin greiðir, fylgja árlegu reikningsyfirliti til sýslunefnda.

14. gr.

Skylt er oddvitum, bæjarstjórum og öðrum þeim, sem sjá um framkvæmdir á eyðingu refa og minka, að senda veiðistjóra skýrslu um þá starfsemi, sem þeir hafa séð um á árinu, eigi síðar en fyrir janúarlök ár hvert.

Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum laga nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, eða fyrirmælum reglugerðar þessarar, og skal þá landbúnaðarráðuneytinu heimilt að svipta það bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögnum, eitt ár í senn.

15. gr.

Skylt er veiðistjóra að veita veiðimönnum og öðrum aðilum, sem vinna að eyðingu refa og minka, allar þær upplýsingar og aðstoð, sem honum er unnt að láta í té.

177

28. nóv.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum. nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

BYGGINGARSAMÞYKKT

178

29. nóv.

fyrir Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra húsbygginga á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kaupún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa, er henni þykir henta í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari eða maður, er fullnægir þeim þekkingarskilyrðum, sem Teiknistofa landbúnaðarins samþykkir.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast úr sýslusjóði Skagafjarðarsýslu eða af Búnaðarsambandi Skagfirðinga og Byggingarsjóði svo og af sýslusjóðum Vestur- og Austur-Húnavatnssýslna, ef ráðinn verður sameiginlegur byggingarfulltrúi fyrir þessar sýslur, samkvæmt ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn kosnir af viðkomandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildi kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndar.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar eru:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins.